



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS  
*National Museum of Iceland*

## Bóka- og heimildasafn



---

Suðurgata 43 · 101 Reykjavík · Beinn sími 530 2247  
[www.thjodminjasafn.is](http://www.thjodminjasafn.is) · [groa@thjodminjasafn.is](mailto:groa@thjodminjasafn.is)  
Opið alla virka daga frá kl. 13-16

## Í Þjóðminjasafninu er rekið sérhæft bóka- og heimildasafn sem leggur áherslu á varðveislu og miðlun efnis sem tengist rannsóknarsviðum stofnunarinnar.



**Bókasafnið** hefur orðið til og vaxið samfara Þjóðminjasafninu sjálfu allt frá stofnun þess árið 1863. Helstu efnissvið eru norræn menningarsaga, fornleifafræði, sagnfræði, þjóðháttufræði, textílfraði, safnafræði, forvarsla, byggingarlist og listiðnaður. Bókakostur safnsins er vel á annan tug þúsunda og að auki á

safnið fjölda fagtímarita, smáprent, skýrslur, handbækur og talsvert af myndböndum og geisladiskum. Safnið er stærsta sérfræðibókasafn landsins á sviði forvörslu, safnafræði, fornleifafræði og listiðnaðar.



Bókasafnið er að mestum hluta skráð rafrænt í **Gegni**, landskerfi bókasafna, en nokkuð er enn óskráð í kerfið af eldri ritum safnsins. Fagtímaritatitlar og ritraðir eru um 350 talsins og eru flest forðaskráð í Gegni.

Bókasafnið hefur íslenskt efni aðgreint frá því erlenda og flokkar rit samkvæmt DDC (Dewey Decimal Classification) og skráir í MARC- snið Gagnis þar sem stuðst er við ACCR (Anglo American Cataloguing Rules).

Aðföng fara ýmist fram með innkaupum eða ritaskiptum og einnig berast bókasafninu mikið af gjafaritum. Þar á meðal má nefna stórar bóka gjafir hjónanna Þorvaldar Þórarinssonar og Fríðu Knudsen og einnig safn dr. Kristjáns Eldjárns um fornleifafræði ásamt ýmsum vinnugögnum hans. Aðfangastefna bókasafnsins hefur verið sú að afla þeirra rita sem safnið hefur mest þörf á til styrktar starfsemi sinni hverju sinni og er einnig reynt að stýra ritaskiptum og gjöfum samkvæmt því. Samfara enduroppnun Þjóðminjasafnsins var til dæmis lögð áhersla á aðföng rita um safnafræði og sýningarhald, forvörslu og stjórnum safna.

Bókasafnið er meðlimur í [ARLIS/Norden](#) - samtökum listbókasafna á Norðurlöndum.



### Heimildasafn

Þjóðminjasafnsins samanstendur af margvíslegum gögnum sem teljast til safnkosts Þjóðminjasafnsins eða eru heimildir um gripi, minjar eða rannsóknir sem safnið varðveitir eða hefur staðið að og snertir alla munaflokka Þjóðminjasafnsins.

Stærstu flokkar heimildasafnsins eru tengdir þjóðháttasafni, húsasafni, minjastöðum, fornleifarannsóknnum, ljósmyndasöfnum, safngripum og forvörslu, auk almennra skráningargagna bæði á pappír og á rafrænu formi. Það hefur að stórum hluta verið geymsluskráð.



Gögn um þjóðhætti eru verulegur hluti þess er þegar hefur verið skráð. Safngestir geta fengið að fletta afritum af geymsluskram yfir það efni sem þegar hefur verið skráð, eftir nánara samkomulagi. Gæta þarf ólíkra hagsmuna og sjónarmiða við notkun efnis úr nefndum söfnum.

Í **Sarp** (sarpur.is), sem er rafrænt menningarsögulegt upplýsingakerfi og gagnagrunnur Þjóðminjasafnsins og fleiri safna og stofnana, eru skráðar og varðveittar upplýsingar um safnkostinn, þjóðhætti, fornleifar, hús, örnefni og ýmsar aðrar menningarsögulegar minjar.

Sarpur er opinn fyrir gesti í afgreiðslusal bókasafnsins á 2. hæð í Setbergi, en er ekki aðgengilegur enn sem komið er á netinu.



#### **Þjónusta:**

Bóka- og heimildasafnið þjónar starfsmönnum Þjóðminjasafnsins sérstaklega en er einnig opið almenningi. Rit eru ekki lánuð út nema til starfsfólks og einnig geta þeir háskólanemendur sem stunda nám á fræðasviði stofnunarinnar fengið bækur lánaðar sem skammtímalán meðan á námi þeirra stendur eftir samkomulagi við bókavörð. Þó eru handbækur og ýmsar fágætar bækur, sem bókavörður metur hverju sinni, aldrei lánaðar út. Góð lesaðstaða fyrir 6-7 gesti er á bókasafninu.



#### **Millisafnalán:**

Ef rit eða heimild er ekki fáanleg í bókasafninu hefur bókavörður milligöngu um að útvega þau ljósrít eða bækur sem þarf gegn gjaldi. Beiðni um millisafnalán þarf að berast bókaverði skriflega, t.d. í tölvupósti með öllum tiltækum upplýsingum um ritið.



#### **Upplýsingaþjónusta:**

Bókavörður annast og leiðbeinir notendum við upplýsingaöflun og gerir tölvuleitir. Æskilegt er að fá beiðni um slíkt skriflega (t.d. í tölvupósti) og með nokkrum fyrirvara.



Um útlán úr **heimildasafni** til afnota á bókasafninu gilda þessar reglur:

1. Notandi fyllir út útlánaseðil og afhendir bókaverði/starfsmanni.
2. Gögn eru afhent til skoðunar á bókasafni/lesstofu.
3. Gögnum skilað til bókavardar að notkun lokinni eða í dagslok.





Eftirfarandi umgengnisreglur ber að virða þegar gögn heimildasafnsins eru handfjötluð:

### Almennar reglur um meðferð skjala í rannsóknaskyni:

Skjöl og önnur gögn er gestir fá að láni skal meðhöndla af fyllstu varkárni. Yfirleitt er um frumgögn að ræða, ein sinnar gerðar. Svo tryggja megi langtímavardveislu skjala og gagna, skal hafa eftirfarandi reglur hugfastar við notkun og meðferð þeirra:

1. Við skriftir skal einungis nota blýanta og tölvur.
2. Handfita og sviti hafa slæm áhrif á pappír. Því skal handleika skjöl og gögn sem allra minnst. Ekki skal bleyta fingur er gögnum og skjölum er flett. Almennt er æskilegt að gestir klæðist bómullarhönskum. Mun bóka- eða skjalavörður leggja þá til.
3. Ekki skal merkja skjöl eða auðkenna á nokkurn hátt, hvorki með ritföngum eða límmiðum.
4. Ekki nota skjöl eða gögn sem undirlag.
5. Látið skjöl og gögn aldrei hvíla á borðbrún eða í kjöltu ykkar.
6. Bögglið ekki skjöl eða brjótið á hrygg.
7. Fjarlægjið aldrei skjöl eða gögn úr gagna- eða skjalasafni.
8. Breytið aldrei röð skjala eða gagna.
9. Afhendið skjöl og gögn í þeirri röð sem þið tókuð við þeim.
10. Vinsamlegast látið vita ef skjöl eða gögn reynast skemmd eða illa farin.
11. Sé ákvæða þessara ekki gætt, má neita viðkomandi um afnot af safninu.



Bóka- og heimildasafnið er til húsa í **Setbergi að Suðurgötu 43** (áður jarðfræðahús Háskóla Íslands) og er opið **alla virka daga frá 13-16**.

Beinn sími til bókasafnsins er: 530 2247.

Tölvufang: groa@thjodminjasafn.is

Veffang: [www.thjodminjasafn.is/thjonusta/bokasafn](http://www.thjodminjasafn.is/thjonusta/bokasafn)



**Dæmi** um efnisflokka safnsins og staðsetningu:

### Þjóðfræði í bókasafni (grunnflokkur DDC: 390):

- Þjóðbúningar, klæðnaður (391)
- Daglegar siðvenjur (392)
- Útfararsíðir (393)
- Matur, drykkur (394.1)
- Hátíðisdagar (394.26)
- Háttvísi (395)
- Þjóðsögur (398.2)
- Þjóðfræðatímarit, raðað eftir tungumálum (051-059)

### Þjóðfræði í heimildasafni:

- Svör við spurningaskrár Þjóðháttasafns. Aðgengileg í Sarpi.
- Stúdentaverkefni
- Sérsofn

### Fornleifafræði í bókasafni (grunnflokkur DDC: 930.1):

- Yfirlitsrit skv. löndum (930.1 A-P)
- Ráðstefnurit (930.106)
- Tækni og búnaður (930.1028)
- Fornleifafræðitímarit, raðað eftir tungumálum (051-059)

### Fornleifafræði í heimildasafni:

- Uppgreftragögn
- Teikningar
- Kort
- Skráningargögn


### Safnafræði í bókasafni (grunnflokkur DDC 069):

- Safnfræðsla (069.15)
- Söfnun og sýningar (069.5)
- **Forvarsla** (069.53)
- Safnfræðitímarit, raðað eftir tungumálum (051-59)
- Grundvallarrit um Þjóðminjasafnið og íslenska safnaþróun

### Safnafræði í heimildasafni:

- Sérsofn, t.d. Matthíasar Þórðarsonar og Sigurðar Guðmundssonar





Hönnun : Gróa – Texti : Gróa og Gunnar Örn - @ Þjóðminjasafn Íslands

